



# Orðabingó

## Námsleikir

### Markmið

Að auka þekkingu og skilning á ákveðnum orðum.

### Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

### Gögn

Bingóspjöld.  
Orð.  
Poki.

### Mat á framkvæmd

### Leiklýsing

Hver nemandi fær bingóspjald og á því eru sex orð. Kennarinn dregur orð og setur orðið í merkingabæra setningu, t.d: “Það er góður **ilmur** úr eldhúsinu“ eða „hún Gunna er **blíð** og góð“. Nemendur eru spurðir um orðið og hvað merkingu þeir leggja í það. Áður en næsta orð er dregið strika þeir nemendur yfir orðið sem höfðu það á sínu spjaldi. Leiknum er svo lokið þegar allir hafa fengið bingó.

### Aðrar útfærslur

Einnig má vinna með orð sem tengjast kennsluefninu hverju sinni, t.d. þematengd orð um líkamann, náttúruna eða landnámið.